
PERSÓNUVERNDARSTEFNA

INNGANGUR

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs) starfar samkvæmt lögum nr. 142/2011 um safnið, bókasafnalögum nr. 150/2012 og samkvæmt lögum um skylduskil til safna nr. 20/2002 fær safnið eintök af ákveðnum tegundum skilaskyldra verka sem gefin eru út eða birt á Íslandi.

Lbs-Hbs er þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn. Safnið sinnir virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

ÁBYRGÐ

Landsbókavörður ber ábyrgð á persónuverndarstefnu safnsins og að kröfum um öryggi og meðferð persónuupplýsinga sé fylgt. Stefnan er bindandi fyrir starfsfólk og þjónustuaðila.

HVAÐA PERSÓNUUPPLÝSINGAR ER UNNIÐ MEÐ

Einungis er unnið með persónuupplýsingar í tengslum við lögbundin verkefni safnsins, s.s. skráningu, miðlun og þjónustu, eða önnur verkefni, s.s. starfsmannahald, upplýsingamiðlun til starfsfólks, rekstur upplýsingakerfa, vöktun og öryggisstjórnun.

Unnið er með upplýsingar um lánþega, málsaðila, safngesti, starfsfólk, viðmælendur, höfunda og rétthafa. Einungis er unnið með þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar í hverju tilviki fyrir sig, s.s. nafn, kennitölu, heimilisfang og netfang til að tryggja rétta auðkenningu/skráningu. Myndir af gestum og starfsfólki á viðburðum á vegum safnsins eru eftir atvikum notaðar í kynningarefni safnsins. Myndum sem safninu berast er miðlað á vefjum safnsins enda bera þær ekki með sér viðkvæmar persónuupplýsingar.

Við meðferð stjórnsýslumála og annara mála í málakerfi er unnið með upplýsingar sem koma fram í gögnum hvers máls.

Lóð og húsnæði safnsins eru vöktuð með tilliti til öryggis m.a. með myndvöktun. Rafræn vöktun er einungis viðhöfð í lögmætum og málefnalegum tilgangi og í samræmi við reglur um rafræna vöktun nr. 50/2023, sjá nánar [hér](#).

Safnið notar Google Analytics til mælinga á umferð um vefi sína á grundvelli samþykkis hinna skráðu. Upplýsingar sem safnið fær frá Google Analytics eru ekki persónugreinanlegar.

MARKMIÐ

Það er stefna Lbs-Hbs að meðferð og vinnsla persónuupplýsinga sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og grundvallarsjónarmið þeirra laga, þ.e. að vernda friðhelgi einkalífs einstaklinga og tryggja áreiðanleika og gæði persónuupplýsinga.

Markmiðunum er framfylgt með því að:

- Leggja áherslu á öryggisvitund starfsfólks og þjónustuaðila.
- Takmarka aðgang að gögnum sem innihalda persónuupplýsingar við þá sem starfs síns vegna þurfa að vinna með gögnin.
- Gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir öryggisbrot.
- Ganga frá samningum við ytri aðila ef þjónustan felur í sér vinnslu persónuupplýsinga.

- Varðveita gögn á öruggan hátt og í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og settar reglur um skilaskyld gögn.

Safnið hefur útnefnt persónuverndarfulltrúa, erindi til hans skal senda á landsbokasafn@landsbokasafn.is.

TILVÍSUN Í ELDRI GÆÐAKERFI

1. Fyrsta útgáfa samþykkt í framkvæmdaráði 11.12.2018 og birt á Inngangi.
2. Gæðastefna – Skjalanúmer: SS-0003 - Útgáfa: 1 - Útgáfudagur: 25.10.2023 og útgefin í EasyQuality.